



Borgarráð

Tillögur að uppbyggingu leikskóla í borginni

Í tillögu sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 15. nóvember 2018 var sett fram áætlun um uppbyggingu 700-750 leikskólarýma á næstu fimm árum svo bjóða mætti öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023. Verkefnið fékk heitið Brúum bilið.

Þann 3. mars 2022 samþykkti borgarráð tillögur stýrihóps um uppbyggingu leikskóla í ljósi endurskoðaðrar spár varðandi þróun barnafjölda og rekstrarleyfa. Í tillögunum er gert ráð fyrir að leikskólarýmum verði fjölgað um allt að 1680 á árunum 2022 – 2025.

Tillögur þessar hafa verið unnar hafa verið í samvinnu stýrihópsins Brúum bilið um uppbyggingu leikskóla, skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, fjármála- og áhættustýringarsviðs og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Í ljósi framvindu og stöðu leikskólainnritunar er lagt til að borgarráð samþykki að kanna eftirfarandi uppbyggingarverkefni og vísa þeim til frekari útfærslu á vettvangi skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs:

1. Lagt er til að opnun Ævintýraborgar á Nauthólsvegi verði flýtt til fyrri hluta september

Ævintýraborg við Nauthólsveg verður opnuð og aðlögun barna hafin í fyrri hluta september. Stefnt er að því að aðlögun barna ljúki á einum mánuði. Lögð verður áhersla á fjölbreytta útiveru barna í Öskjuhlíðinni, Nauthólsvík og næsta nágrenni meðan unnið verður að frágangi útileiksvæðis við skólann sem stefnt er á að verði tilbúið fyrir hluta október næstkomandi. Leikskólinn getur tekið á móti 100 börnum.

2. Lagt er til að laust húsnæði borgarinnar verði nýtt til að taka við nýjum börnum í leikskóla

Nýtt verði laust húsnæði í eigu borgarinnar til að taka á móti fleiri börnum í leikskóla á þessu hausti. Hafin er könnun á því hvort hægt er að nýta Korpuskóla undir leikskólastarf, sem tímabundinn valkost fyrir börn sem ekki hafa leikskólaláss í dag. Sömuleiðis er lagt til að opnaðar verði tvær deildir til viðbótar í leikskólanum Bakka í Staðarhverfi. Stefnt er að því að fjölga plássum um 160-200 með þessum ráðstöfunum. Þá er lagt til að skoðað verði hvort hægt er að nýta húsnæði frístundaheimila og annað húsnæði á vegum borgarinnar og samstarfsaðila tímabundið undir leikskólastarf. Þessi úrræði eru með fyrirvara um áhuga foreldra á að þiggja pláss sem standa til boða og fyrirvara um mönnun.

3. Nýr leikskóli í Fossvogi

Lagt er til að Reykjavíkurborg nýti forkaupsrétt sinn með kaupum á lóð sem staðsett er í Fossvogsdalnum, við hlið Ræktunarstöðvar Reykjavíkur. Óskað verður eftir



skipulagsbreytingum fyrir lóðina og ef hún verður samþykkt þá verði sett upp Ævintýraborg fyrir 100 börn á lóðinni. Stefnt að því að nýr leikskóli í Fossvogi sem tekið geti á móti a.m.k. 100 börnum verði tilbúinn til notkunar á næsta ári.

4. Stækkun Steinahlíðar

Leikskólinn Steinahlíð er einn af elstu leikskólum borgarinnar og rúmar 55 börn í dag. Lagt er til að Reykjavíkurborg taki upp viðræður við Barnavinafélagið Sumargjöf sem eiga húsnæði og lóð leikskólans um að leikskólinn verði stækkaður, tímabundið og/eða varanlega. Vilji beggja aðila til könnunar á stækkun leikskólans var ávarpaður í samkomulagi um hugsanlegar breytingar á lóðamörkum Steinahlíðar vegna Borgarlínu sem kynnt var og samþykkt í borgarráði 18. júní sl.

5. Dagforeldrar

Lagt er til að samþykkt verði að hækka niðurgreiðslu vegna þjónustu dagforeldra til þess að fjölga dagforeldrum, styrkja starfsgrundvöll þeirra og lækka útgjöld foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Stofnstyrkir verði hækkaðir og fleiri leiðir til úrbóta kannaðar, s.s. húsnæðisstuðningur og fræðslustyrkir.

6. Verklag leikskólainnritunar

Lagt er til að verklag leikskólainnritunar verði endurskoðað með tilliti til bættrar upplýsingagjafar til foreldra, einföldunar umsóknarferils og meira gagnsæis. Leggja þarf áherslu á aukna samræmingu í innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskóla í borginni.

Einar Þorsteinsson
formaður borgarráðs

Hjálagt:

Minnisblað um framvindu áætlunar um uppbyggingu leikskóla í Reykjavík.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð og stýrihópur um uppbyggingu leikskóla í borginni

Sendandi: Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið.

Tillögur um uppbyggingu leikskóla í borginni

Í tillögu sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 15. nóvember 2018 var sett fram áætlun um uppbyggingu 700-750 leikskólarýma á næstu fimm árum svo bjóða mætti öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023. Verkefnið fékk heitið Brúum bilið.

Þann 3. mars 2022 samþykkti borgarráð tillögur stýrihóps um uppbyggingu leikskóla í ljósi endurskoðaðrar spár varðandi þróun barnafjölda og rekstrarleyfa. Í tillögunum er gert ráð fyrir að leikskólarýmum verði fjölgað um allt að 1680 á árunum 2022 – 2025.

Forsendur þessara áætlana voru að 99% leikskólarýma í borgarreknunum skólum væru í notkun, en til að slíkt sé hægt þarf allt húsnæðið að vera virkt og starfsmenn til staðar í öllum stöðugildum. Enn fremur var gert ráð fyrir að 85% pláss í sjálfstætt starfandi leikskólum nýtist börnum með lögheimili í Reykjavík. Að því gefnu og að uppbyggingaráform stæðust yrðu öll börn sem eru 12 mánaða eða eldri í Reykjavík þann 1. september 2022 komin með boð um leikskólapláss við almenna inntöku þá um haustið. Eftir það stæðu laus um 260 pláss sem hægt væri að bjóða börnum sem yrðu 12 mánaða um haustið, en bent á að frá þeim tíma fari að myndast biðlisti aftur og vanti þá um áramótin 22/23 um 200 pláss til að öll börn 12 mánaða og eldri geti verið í leikskóla. Sá biðlisti muni síðan hverfa, minnka og stækka til skiptis næstu árin, eftir því sem ný byggingaráform skila fleiri leikskólaplássum, elsti árgangur leikskólabarna færir upp í grunnskóla að hausti og eftir því sem fleiri börn ná 12 mánaða aldri.

Í áætluninni voru einnig settir fyrirvarar um að breytingar geti orðið á mannfjölda, aldurssamsetningu og hverfaskiptingu íbúa milli ára og því bent á að talsverð óvissa sé í spám af þessu tagi. Aldurssamsetning barna geti jafnframt haft áhrif á fjölda pláss í hverjum skóla. Einnig geti orðið tafir á verklokum, sem og staða mannaárðninga tafið inntöku barna. Spárnar taka jafnframt ekki mið af því húsnæði sem þegar er til staðar og þarf á meiri háttar viðhaldi að ræða sem kallar á tímabundna fækkun leikskólapláss.

Ljóst er að 99% nýting leikskólapláss í borgarreknunum leikskólum er ekki raunsætt í dag vegna húsnæðismála, ekki er búið að fullmanna leikskólana, og að 85% nýting er ofaukið í sjálfstætt reknum leikskólum. Ljóst er jafnframt að framkvæmdir á vegum borgarinnar hafa sumar tafist, eins og gert er skil í kaflanum um stöðu samþykkttra uppbyggingarverkefna hér á eftir. Þá er tímabundin fækkun um 107 pláss vegna viðhalds á húsnæði fjögurra leikskóla. Jafnframt hefur rekstraleyfum fækkað tímabundið um 38 pláss í nokkrum leikskólum vegna aldurssamsetningar barna, sérþarfa eða annarra ástæðna. Hvað varðar sjálfstætt reknu leikskólana þá hefur Félagsstofnun stúdenda fækkað um 63 pláss í vetur vegna framkvæmda og 27 barna fjölgun í Öskju verður ekki tekin í gagnið fyrr en undir áramót. Ástandið er því ekki eins gott og æskilegt væri en þó verður hægt að bjóða börnum pláss eftir því sem rými verða opnuð jafnt og þétt yfir haustið og veturinn.

Staða samþykkttra uppbyggingarverkefna með áætluð verklok árið 2022

Það sem af er árinu 2022 hefur borgin opnað tvo nýja leikskóla, annars vegar við Bríetartún og hins vegar Ævintýraborg við Eggertsgötu, og stækkað tvo starfandi leikskóla, Gullborg og Funaborg. Þar eru alls 187 ný pláss þegar komin í notkun.

Nýtt 120 barna húsnæði Brákarborgar við Kleppsveg hefur verið afhent skóla- og frístundasviði og er verið að undirbúa skólustarf fyrir alls 76 ný pláss, en 44 börn munu flytja úr eldra húsnæði skólans í það nýja. Þessi nýi leikskóli tekur til starfa 22. ágúst. Til viðbótar er gert ráð fyrir að þrjár nýir leikskólar taki til starfa á árinu, Ævintýraborg Nauthólsvegi með pláss fyrir 100 börn sem fjallað er nánar um í tillöguhluta minnisblaðsins, ný starfsstöð Múlaborgar við Ármúla sem mun hýsa 60 börn og Ævintýraborg Vogabyggð sem mun rúma 100 börn. Þá mun leikskólinn Hagaborg stækka með færanlegum deildum sem fjölga mun plássum þar um 30. Alls munu þessi verkefni skila 366 nýjum leikskólaplássum haustið 2022, en þegar er búið að bjóða í 240 þeirra og því 126 laus pláss sem hægt verður að bjóða á næstu vikum og mánuðum.

Verklokum þriggja þessara verkefna með samtals um 260 pláss seinkaði frá þeirri áætlun sem gert var ráð fyrir í mars 2022, m.a. vegna vegna almennrar þennslu á byggingarmarkaði sem snertir hönnuði, verktaka og aðföng, hrun hefur orðið á heimsvísu í stálframleiðslu og annarri efnisvinnslu sem lengir afhendingartíma, auk mjög dýrra tilboða sem bárust í verk.

Að auki var í mars 2022 áætluð verklok á árinu 2022 fyrir Safamýri, Breiðholt, Ævintýraborg við Vörðuskóla á Barónsstíg og Laugasól, en þau verkefni hafa tafist og eru verklok nú áætluð árið 2023. Áætlaður fjöldi nýrra plássna í þeim leikskólum eru 237. Ástæður tafanna eru af ýmsum toga - bið eftir gerð rammásamnings um kaup á húseiningum, mjög há tilboð í verk langt umfram kostnaðaráætlanir eða engin tilboð bárust, sem og kærur verktaka sem hafa hamlað því að hægt væri að hefja framkvæmdir.

Önnur framkvæmdaverkefni, samkvæmt áætluninni sem samþykkt var í mars sl., eru á mismunandi vinnslustigum en munu skila húsnæði fyrir fleiri leikskólapláss árin 2023 – 2026. Yfirlit yfir þessi verkefni og stöðu þeirra má sjá í viðauka, þar með talið áætlaðan verklokátíma og fjölda nýrra plássna sem verða til. Starfið getur síðan hafist 3-6 vikum eftir að skóla- og frístundasvið fær húsnæðið afhent, með fyrirvara um ráðningu starfsmanna.

Samþykktur áætlaður fjárfestingarkostnaður ársins 2022 er 4ma. kr. en í yfirlitinu í viðaukanum má sjá að nú er fjárfestingarkostnaður fyrir samþykktar framkvæmdir áætlaður 2.4ma kr. Viðbótar rekstrarkostnaður leikskólanna, með stofnkostnaði fyrir þá sem taka til starfa á árinu 2022, var í mars áætlaður um 1,6ma kr. en er nú áætlaður 1.1ma kr. fyrir samþykktar framkvæmdir.

Staða innritunar

Þegar horft er á biðlista eftir leikskóladvöl á leikskólum Reykjavíkurborgar (15. ág. sl.) voru 645 umsóknir vegna barna sem verða 12 mánaða eða eldri þann 1. september 2022 og eru að hefja leikskóla. Til viðbótar eru umsóknir vegna 61 barns þar sem óskað hefur verið eftir flutningi frá sjálfstætt reknum leikskóla á borgarrekinn leikskóla.

Staðan eins og hún er, eftir hverfum og aldri, má sjá í töflunni hér á eftir.

Uppsafnaður fjöldi barna eftir aldri 1. sept 2022

Án umsókna frá börnum sem eru í vistun hjá SSL

	12 mán	13 mán	14 mán	15 mán	16 mán	17 mán	18 mán	19 mán	20 mán	21 mán	22 mán	23 mán	24 mán
Árbær	65	55	36	23	14	11	9	9	8	7	6	6	5
Breiðholt	94	84	64	40	23	19	18	14	13	12	12	10	8
Grafarholt-Úlfarsár	31	23	21	13	7	3							
Grafarvogur	96	85	67	49	36	26	16	14	10	7	5	3	1
Háaleiti-Bústaðir	68	54	40	32	22	17	16	12	11	8	8	8	6
Hlíðar	62	54	37	22	9	5	3	2	2	2	2	2	2
Kjalarnes	2	2	2										
Laugardalur	92	71	57	36	16	10	5	4	3	3	3	3	3
Miðborg	59	41	25	14	6	1	1	1	1	1	1		
Vesturbær	76	66	50	38	24	21	20	14	9	6	5	4	3
Samtals	645	535	399	267	157	113	88	70	57	46	42	36	28

Á biðlistanum er einhver hópur barna sem hefur fengið boð um vistun í sjálfstætt starfandi leikskóla en hefur ekki hafið vistun. Verður ekki ljóst hvaða börn þetta eru fyrr en þau hefja vistun. Um 150 börn eru að fara úr sjálfstætt starfandi leikskólum í grunnskóla nú í haust og nú þegar hefur 280 börnum sem hafa verið í sjálfstætt starfandi leikskólum verið boðin vistun í borgarreknum leikskólum. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum 14 sjálfstætt rekinnna leikskóla sem talað var við voru flestir með einhver laus pláss sem ekki hefur verið boðið í þar sem erfiðleikar hafa verið með ráðningu starfsfólks.

Reykjavíkurborg rekur 66 leikskóla og á hverjum tíma er einhver hreyfing einstakra barna á þeim öllum þannig að innritun er alltaf í gangi sem og vegna flutninga barna til og frá Reykjavík. Jafnframt bætast hér við ný pláss þegar þau verða tilbúin samkvæmt uppbyggingu leikskóla í borginni. Í sumar hefur að auki verið hreyfing vegna úthlutunar plássna í leikskóla Reykjavíkur vegna barna sem fluttust yfir í 5 ára deildir í sjálfstætt starfandi grunnskóla og vegna húsnæðisbreytinga hjá sjálfstætt starfandi leikskólanum Öskju. Nú er verið að vinna að úthlutun um 200 plássna sem mun hafa áhrif á biðlistann á næstu vikum.

Staða ráðninga

Húsnæði og mönnun eru grundvöllur þess að ný leikskólapláss geti tekið til starfa. Með uppbyggingu nýrra leikskólaplássna ársins 2022 var áætlað að fjölga þyrfti starfsmönnum leikskóla borgarinnar um 170 alls. Eftir er að ráða í að minnsta kosti 73 störf á þessu ári.

Til að ráða þennan viðbótarfjölda leikskólastarfsmanna þarf sérstakar aðgerðir. Auglýsingaherferð er þannig í gangi með áherslu á fjölbreyttari hóp fólks en áður, lendingarsíða með upplýsingum fyrir þá sem vilja skoða starf í leikskóla er komin í loftið, öll störf eru auglýst í 50 skills ráðningarkerfinu sem einfaldar allt ráðningarferlið og leyfir samnýtingu umsókna milli leikskóla, verið er að breyta starfasíðu Reykjavíkurborgar til að auðvelda fólki að finna ákveðin störf, verið er að bæta yfirsýn og samvinnu milli leikskóla um ráðningar, unnið er að úrbótum í móttöku nýliða og þjálfun til að minnka starfsmannaveiltu og auka starfsánægju, o.s.frv.

Samantekt á stöðunni

Þann 15. ágúst voru 645 umsóknir á biðlista vegna barna sem verða 12 mánaða eða eldri þann 1. september 2022 og hafa ekki verið í leikskóla, og til viðbótar eru umsóknir vegna 61 barna þar sem óskað hefur eftir flutningi frá sjálfstætt reknum leikskóla. Börnum á biðlista mun síðan fjölga eftir því sem líður á árið. Eins og sjá má í töflunni eru á móti 353 pláss sem eru þegar laus eða verða til á árinu.

Yfirlit yfir stöðuna	Fjöldi pláss
Pláss laus til úthlutunar, almenn velta og ný pláss að opna á næstu vikum	200
Nýframkvæmdir sem lýkur 2022, óúthlutað pláss	146
Sjálfstætt starfandi leikskólar, ný pláss 2022	27
Samtals pláss til eða með verklok 2022	373
Áætlaður fjöldi nýrra plássna ef tillögur sem hér koma fram ganga eftir	375-400
Nýframkvæmdir sem færðust yfir á 2023	237
Aðrar nýframkvæmdir sem áætlað er að ljúki 2023	411
Viðbótar pláss með verklok 2022 og 2023	1.023-1.048
Alls viðbótar pláss með verklok 2022 og 2023	1.396-1421

Samandregið mun þær nýju tillögur sem minnst er á í skjalinu, laus pláss til úthlutunar í starfandi leikskólum, nýframkvæmdir sem opna í haust og á fyrrihluta næsta árs pláss sem losna vegna innritunar barna í sjálfstætt rekrum leikskólum skila 1396-1421 plássum sem munu nýtast foreldrum sem biða eftir vistun fyrir börn sín. Áætlað er að með þessum nýju plássum verði hægt að taka á móti hluta 14,5 mánaða gömlu börnum í haust/vetur ef allt gengur eftir og ekki er tekið tillit til þeirra eldri barna sem flytja borgarinnar út árið.

Við skoðun upplýsinganna sem er settar hér fram verður að hafa í huga að biðlistinn breytist ört, dag frá degi, og því er erfitt að spá fyrir um fjölda barna sem á eftir að bætast við á komandi vikum og mánuðum. Þar að auki hafa komið upp erfið húsnæðismál með reglulegu millibili sem hefur áhrif á fjölda leikskólaplássna í boði hverju sinni. Ennfremur geta verið tafir á nýframkvæmdum af ýmsum ófyrirsjáanlegum ástæðum.



Viðauki

Yfirlit yfir stöðu uppbyggingarverkefna Brúum bilið verkefnisins, út frá áætlun sem samþykkt

Skólar	Áætlun í mars 2022				Staða og áætlun í ágúst 2022			
	Fjöldi barna	Fjöldi starfsm.	Áætl. verðlok	Áætl. fjárfestingarkostnaður 2022-2025	Áætl. árl. reg. rekstrarkostnaður, nýpláss	Samtals áætlaður kostnaður 2022	Mismunur áætlaðs kostnaðs 2022-2025 frá mars 2022	Áætluð verklok
Safnaryi	80	19,15	2022	940.000.000	202.206.835	151.660.042	788.339.959	2023/10
Kirkjúsandur/Hallgerðargata	60	14,54	2023	450.000.000	198.582.743	66.000.000	384.000.000	2023/sumer
Múlborg	87	19,38	2023	1.700.000.000	219.899.933	141.484.805	1.558.515.195	2024/febrúar
Vogabyggð	150	34,98	2024	1.300.000.000	353.861.962	4.785.230	1.295.214.770	2026/lok árs
Skerjafjörður	150	34,98	2025	1.300.000.000	505.517.088	-	1.300.000.000	2025
Völvufell	56	13,73	2025	1.645.000.000	141.544.785	457.320	1.644.542.680	2026/lok árs
Brákarborg/Kleppsvegur	120	26,78	2022	640.000.000	303.310.253	771.823.711	-131.823.711	Afhent, frágangur á lóð eftir
Múlaborg	60	13,39	2022	36.000.000	198.852.743	36.000.000	0	2022/sept
Briðartún	60	13,39	2022	40.000.000	198.852.743	14.600.000	25.400.000	Afhent, frágangur á lóð eftir
Gullborg	27	5,49	2022	15.000.000	68.244.807	34.193.549	-19.193.549	Lokið
Breðholt	30	6,1	2022	150.000.000	75.827.563	12.700.291	137.299.709	2023
Hagaborg	30	6,1	2022	150.000.000	75.827.563	131.346.185	18.653.815	2022/byrjun okt
Ávintýraborg Egger í sáta	80	17,85	2022	121.000.000	202.206.835	201.700.000	-80.700.000	Afhent, frágangur á lóð eftir
Ávintýraborg Hauthólsvegur	100	22,32	2022	184.000.000	252.186.579	187.084.248	-3.084.248	2022/ágúst, frágangur á lóð eftir
Ávintýraborg Vogabyggð	100	22,32	2022	245.500.000	252.186.579	285.907.681	-40.407.681	2022/lok nóv/byrjun des
Ávintýraborg Vörðuskóla	60	13,39	2022	158.700.000	198.582.743	-	158.700.000	2023 / vor
Skólarútur	48	10,75	2022-2024	209.500.000	126.379.272	-	209.500.000	Í endurskoðun
Funaborg	20	4,06	2022	75.000.000	50.551.709	43.600.000	31.400.000	Lokið
Seljakot	12	2,44	2021	-	-	45.707.655	-45.707.655	Lokið
Laugssól	46	9,35	2022	500.000.000	116.268.930	97.107.225	402.892.775	2023/sumar
Kvistaborg	40	8,13	2023	375.000.000	101.103.418	25.467.235	349.532.765	2025
Saraborg	48	9,75	2024	550.000.000	121.324.101	10.000.000	540.000.000	2024
Funaborg	60	12,19	2023	850.000.000	198.582.743	69.000.000	781.000.000	2023 /lok árs
Hof	50	10,16	2024	660.000.000	126.379.272	61.817.203	598.182.797	2024
Búnaður í starfandi skólum				150.000.000	-	3.453.531	146.546.469	
Annað kostnaður				30.000.000	-	19.924.976	10.075.024	
Samtals				12.474.700.000	233.750.000		2.415.820.887	

var í mars 2022 og upplýsingum um stöðuna frá 11. ágúst 2022.